



Skoravík

LÝSING

Vegna gerð deiliskipulags

Lýsing samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og 1. mgr. 40. gr. laganna

EFNISYFIRLIT


Inngangur	2
Afmörkun áætlunarinnar	2
Markmið og áherslur	2
Forsendur	3
Staðhættir og minjar	3
Aðrar forsendur og gögn	3
Fyrirliggjandi áætlanir	3
Skipulagsferlið	4
Skipulagsferlið – drög:	4
Kynning og samráð vegna undirbúnings deilskipulaggerðar:	4
Umhverfismál	5
Umhverfismat / -skýrsla	5
Heimildaskrá	6

Inngangur

Þessi lýsing nær til áforma um að vinna deiliskipulag fyrir jörðina Skoravík í Dalabyggð, en jörðin er á Fellsströnd og liggur framan við Skoravíkurmúla sem liggur neðan við þjóðveginn um Fellsströnd. Ætlunin er að afmarka nýtingu á jörðinni fyrir dvalarstað með íbúðarhúsnaði og þjónustubyggingum. Allt miðast við að gera uppbyggingu látlausa og að náttúrufegurð svæðisins njóti sín.

AFMÖRKUN ÁÆTLUNARINNAR

Deiliskipulagsmörkin mun miðast við allt land jarðarinnar sem samkvæmt skráningu eru um 435 ha að stærð.



Mynd 1. Yfirlitsmynd – Afmörkun svæðis deiliskipulagssvæðisins. (Teiknistofan Storð, 2021).

Um svæðið liggur reiðleið samkvæmt aðalskipulagi, en það er ekki heppilegt fyrir þá nýtingu sem er fyrirhuguð og er gert ráð fyrir að hún verði felld út á þessu svæði neðan við Skoravíkurmúla.

MARKMIÐ OG ÁHERSLUR

Jörðin verður hugsuð sem dvalarstaður og uppbygging miðuð við að vera með íbúðarhús á jörðinni ásamt minniháttar uppbygging til að hýsa tæki og tól. Lögð verður áhersla á að engin frístundabyggð verði á jörðinni og aðeins uppbygging sem þjóni eigendum jarðarinnar. Engin skógrækt er áformuð og lögð áhersla á að endurheimt landgæði, styrkja það gróðurfar sem er til staðar og uppræta jarðvegseyðingu og uppblástur.

Forsendur


STAÐHÆTTIR OG MINJAR

Náttúrufari, gróðri og landslagi á jörðinni má skipta upp í fjögur mismunandi landslagseiningar. Svæði A er hamrabelti eða múli sem liggur hæðarlega þannig að bærinn liggur í hvarfi eða skjóli af Skoravíkurmúla og sést ekki frá þjóðveginum sem liggur um svokallaða Efribýggð. Svæði B er þröngt undirlendi sem liggur undir múlanum og hallar nokkurð að ströndinni. Svæði C eru melar sem halla til suðvesturs sem eru með þó nokkru birkikjarri og nokkuð opnum jarðvegi á svæðinu frá Múlaendanum að Skoravíkurá. Að lokum er það það svæði D sem er ströndin og fjaran sem ramar inn landið að Hvammsfirði.

Melarnir með birkikjarrinu og að hluta til uppblásnu landi er mjög einkennandi fyrir Vesturland og sunnanverða Vestfirði og gefa þessu landi ákveðinn sjarma og fegurð.

Engar minjar eru skráðar á svæðinu.

AÐRAR FORSENDUR OG GÖGN



Mynd 2. Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016 (Dalabyggð, 2008).

FYRIRLIGGJANDI ÁÆTLANIR

Hér að neðan verður greint frá mikilvægustu skipulagsáætlunum sem fyrir liggja á svæðinu. Listinn er ekki tæmandi.

Tafla 1. Helstu áætlanir og tengsl við fyrirhugað deiliskipulag.

Heiti áætlana	Umfjöllun áætlunar	Áhrif á framkvæmda-áform
Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016	Í gildandi aðalskipulagi er engin sér umfjöllun um Skoravík, nema reiðleið meðfram Skoravíkur-múla.	Engin áhrif af framkvæmdinni þar sem fyrirhuguð uppbygging er í samræmi við gildandi aðalskipulag. Áætlað að reiðleið undir Skoravíkur múla verði felld úr gildi í endurskoðun aðalskipulags.
Landskipulagsstefna 2015-2026	Engin umfjöllun	Engin áhrif
Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030	Engin umfjöllun	Engin áhrif

Skipulagsferlið

Samráð.

Nánar um kynningu, samráð og tímasetningar í skipulagsferlinu koma fram hér að neðan.

SKIPULAGSFERLIÐ – DRÖG:

- Samráð og hagsmunaaðilar
- Afgreiðslur sveitarstjórnar vegna heimildar til að auglýsinga – Í október 2021.
- Auglýsing á deiliskipulagstillögu – janúar til febrúar 2022
- Móttaka athugasemda og afgreiðsla athugasemda til mars 2022.
- Stefnt að samþykkt deiliskipulags í apríl 2022.

KYNNING OG SAMRÁÐ VEGNA UNDIRBÚNIGS DEILSKIPULAGGERÐAR:

- Verkefnislýsing (þessi lýsing) verður lögð fyrir Skipulagsstofnun áður en deiliskipulag verður afgreidd í auglýsingu.
- Umhverfisstofnun – Lögbundinn umsagnaraðili.
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. – Vegna heilbrigðismála.
- Minjastofnun – Vegna hugsanlegra minja á svæðinu.
- Vegagerðin – Vegna þjóðveggar austan svæðisins.
- Dalabyggð – Vegna niðurfellingar á reiðleið og afnám frístundabyggðar

Umhverfismál

UMHVERFISMAT / -SKÝRSLA

Ekki verða metin eða greind umhverfisáhrif deiliskipulagsins þar sem breytingin er minniháttar og hefur engin eða óveruleg áhrif á umhverfið. Breytingin er ekki talin falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Heimildaskrá

Alþingi. (2010). **Mannvirkjalög nr 160/2010**. Alþingi. Reykjavík.

Alþingi. (2010). **Skipulagslög nr 123/2010**. Alþingi. Reykjavík.

Alþingi. (2006). **Lög um umhverfimat áætlana nr 105/2006**. Alþingi. Reykjavík.

Alþingi. (2000). Lög um mat á umhverfisáhrifum nr 106/2000. Alþingi. Reykjavík.

Dalabyggð. (2008). **Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016**. Greinargerð og skipulagsupprættir.

Dalabyggð, Reykhólahreppur og Strandabyggð. (2018). **Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030**. Greinargerð og skipulagsupprættir. Dalabyggð.

Skipulagsstofnun. (2020). **Landsskipulagsstefna 2015-2026**. Greinargerð og skipulagsupprættir.